

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Íran, nr. 384/2024.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 5.5 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1892 frá 30. júlí 2026 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu og aðgerða Írans til að grafa undan frelsi til siglinga í Austurlöndum nær, sbr. fylgiskjal 5.5.
- 6.4 Reglugerð ráðsins (ESB) 2026/1891 frá 30. júlí 2026 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1529 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu og aðgerða Írans til að grafa undan frelsi til siglinga í Austurlöndum nær, sbr. fylgiskjal 6.4.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 11. ágúst 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 5.5.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/1892****frá 30. júlí 2026**

um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu og aðgerða Írans til að grafa undan frelsi til siglinga í Austurlöndum nær

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 20. júlí 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt þykir að innleiða undanþágu frá banni við afhendingu, sölu, tilflutningi eða útflutningi á tilteknum vörum og hugbúnaði til að heimila notkun í Íran á vörum og hugbúnaði sem eru nauðsynleg í sérstökum tilgangi fyrir sendiskrifstofur Sambandsins og aðildarríkjanna í Íran, þ.m.t. sendinefndir, sendiráð og fastanefndir, einkum við vinnslu á umsóknum um vegabréfsáritanir.
- 3) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 1. gr. ákvörðunar (SSUÖ) nr. 2023/1532:

„2a. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um kröfur varðandi heimildir sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821“ ⁽²⁾, eftir atvikum, geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning, umflutning eða útflutning vara og tækni, er um getur í 1. mgr., eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð sé nauðsynleg:

- a) vegna lækninga eða lyfja,
- b) í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða
- c) í opinberum tilgangi sendiskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna í Íran, þ.m.t. sendinefndir, sendiráð og fastanefndir.

2b. Lögbær stjórnvöld geta ógilt, fellt niður tímabundið, breytt eða afturkallað heimild sem þau hafa veitt skv. 2. mgr. a ef þau telja að slík ógilding, tímabundin niðurfelling, breyting eða afturköllun sé nauðsynleg fyrir skilvirka framkvæmd þessarar ákvörðunar.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. júlí 2026.

*Fyrir hönd ráðsins,**forseti*

T. BYRNE

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1532 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu og aðgerða Írans til að grafa undan frelsi til siglinga í Austurlöndum nær (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 20, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2023/1532/oj>).

(²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 frá 20. maí 2021 um að koma á reglum Sambandsins um eftirlit með útflutningi, miðlun, tæknilegri aðstoð, tilflutningi og flutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 206, 11.6.2021, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2021/821/oj>).

Fylgiskjal 6.4.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2026/1891****frá 30. júlí 2026**

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1529 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu og aðgerða Írans til að grafa undan frelsi til siglinga í Austurlöndum nær

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1892 frá 30. júlí 2026 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu og aðgerða Írans til að grafa undan frelsi til siglinga í Austurlöndum nær ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 20. júlí 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 ⁽²⁾ og reglugerð (ESB) 2023/1529 ⁽³⁾ um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu.
- 2) Hinn 14. maí 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1336 ⁽⁴⁾ sem breytti ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 og víkkaði út gildissvið þvingunaraðgerðanna þannig að það næði yfir aðila sem láta í té, selja eða koma á annan hátt að tilflutningi á ómönnum loftföllum eða flugskeytum Írana, eða tengdri tækni eða íhlutum, til vopnaðra hópa og rekstrareininga sem grafa undan friði og öryggi í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu eða brjóta í bága við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015).
- 3) Í ljósi alvarleika ástandsins og til að bregðast við aðgerðum Írans sem grafa undan frelsi til siglinga, þ.m.t. réttinum til gegnumferðar og til friðsamlegrar ferðar, í Austurlöndum nær, samþykkti ráðið, 22. maí 2026, ákvörðun (SSUÖ) 2026/1157 ⁽⁵⁾ sem breytti ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 til að innleiða frekari þvingunaraðgerðir að því er varðar Íran og breyta titli þeirrar ákvörðunar.
- 4) Hinn 30. júlí 2026 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2026/1892, en með henni er innleidd undanþága frá banni við afhendingu, sölu, tilflutningi eða útflutningi á tilteknum vörum og hugbúnaði til að heimila notkun í Íran á vörum og hugbúnaði sem eru nauðsynleg í sérstökum tilgangi, einkum við vinnslu á umsóknnum um vegabréfsáritanir, fyrir sendiskrifstofur Sambandsins og aðildarríkjanna í Íran, þ.m.t. sendinefndir, sendiráð og fastanefndir.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/1529.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1529 kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um kröfur varðandi heimildir sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2021/821, eftir atvikum, geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning, umflutning eða útflutning vara og tækni, er um getur í 1. mgr., eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð sé nauðsynleg:

- a) vegna lækninga eða lyfja eða
- b) í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða
- c) í opinberum tilgangi sendiskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna í Íran, þ.m.t. sendinefndir, sendiráð og fastanefndir.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

T. BYRNE

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2026/1892, 31.7.2026, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/1892/oj>.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1532 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu og aðgerða Írans til að grafa undan frelsi til siglinga í Austurlöndum nær (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 20, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2023/1532/oj>).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/1529 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu og aðgerða Írans til að grafa undan frelsi til siglinga í Austurlöndum nær (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2023/1529/oj>).

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1336 frá 14. maí 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2024/1336, 15.5.2024, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2024/1336/oj>).

⁽⁵⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1157 frá 22. maí 2026 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu (Stjtið. ESB L, 2026/1157, 26.5.2026, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/1157/oj>).